



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### *Efni tillögu: Áfangi í niðurlagningu herbergjasambýla.*

Lagt er til að íbúum á herbergjasambýli í austurborginni verði boðin önnur búseta. Tveir fá boð um flutning í íbúðakjarnann í fjölbýlishúsinu að Elliðabraut og þrír fá boð um húsnæði með stuðningi í sama fjölbýlishúsi. Samhliða verði fjórum einstaklingum af biðlista eftir húsnæði með stuðningi boðin þjónusta frá Elliðabraut.

### **Greinargerð:**

Umrætt herbergjasambýli var stofnað árið 1991, íbúar eru í þjónustuflokki I, það felur í sér að þeir þurfa stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi t.d. stuðning við athafnir daglegs lífs, utanumhald, skipulag um eigið líf út frá óskum og þörfum hvers og eins. Ekki þörf fyrir næturvakt. Þrír íbúanna búa inni á sambýlinu en þar í sambúð býr í litlu sérstæðu húsi á lóðinni. Einkarými íbúa er lítið og deila þau eldhúsi, baðherbergisaðstöðu og stofu. Auk þjónustu við íbúa sambýlisins sinna starfsmenn þjónustu við sjö fatlaða einstaklinga í húsnæði með stuðningi í nágrenni sambýlisins.

Við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga voru herbergjasambýli á vegum velferðarsviðs sextán talsins en þau eru nú tíu. Öll tækifæri sem gefist hafa, hafa verið nýtt til að bjóða íbúum herbergjasambýla annars konar búsetu, samanber ákvæði í þingsályktunartillögum og bráðabirgðaákvæði í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sem og á grundvelli tíu ára áætlunar velferðarsviðs um niðurlagningu herbergjasambýla í áföngum sem samþykkt var samhljóma í velferðarráði 18. maí 2017.

Íbúðakjarni fyrir fólk með þroskahömlun í þjónustuflokki I í fjölbýlishúsinu að Elliðabraut opnar á næstu vikum. Á Elliðabraut verða tíu tveggja herbergja íbúðir fyrir fólk með þroskahömlun, sex íbúðir í kjarnanum og fjórar undir skilgreiningunni „húsnæði með stuðningi“. Um er að ræða dreifðar íbúðir um húsið. Á Elliðabraut er líka gert ráð fyrir „Ellunni“, íbúðum fyrir einstæða foreldra sem þurfa stuðning.

Ellidabrautin heyrir undir Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts. Tillagan gerir ráð fyrir að íbúum umrædds sambylis verði boðin annars konar búseta þannig að fimm einstaklingar með þroskahömlun, þrír einhleypir og eitt par, flytji úr sambylinu og á Ellidabraut. Tveir fá úthlutað í kjarnann og parið auk eins einstaklings fá úthlutað húsnæði með stuðningi í sama fjölbýlishúsi. Starfsmenn sambylisins hafa auk þjónustu við íbúa þar sinnt þjónustu við sjö íbúa sem búa í húsnæði með stuðningi í nágrenni kjarnans. Sú þjónusta myndi ásamt fjármagni flytjast á Ellidabraut þannig að hægt yrði að bæta við íbúðum í húsnæði með stuðningi í næsta nágrenni og koma þannig betur til móts við biðlista velferðarsviðs eftir húsnæði með stuðningi.

Í október 2020 voru 16 einstaklingar á bið eftir íbúðakjarna í þjónustuflokki I og 30 einstaklingar á bið eftir húsnæði með stuðningi. Tillagan felur í sér að bæði verður unnt að ná áfanga í niðurlagningu herbergjasambylis og fækka einstaklingum á bið eftir húsnæði með stuðningi.

Fjárheimild ársins 2021 er samanlagt 144,8 m.kr. sem ætluð er til reksturs herbergjasambylisins og íbúðarkjarnans að Ellidarbraut. Sú fjárheimild verður nýtt til reksturs íbúðarkjarnans og til stuðnings við fatlaða íbúa í húsnæði með stuðningi. Launaáætlun 2021 er áætluð um 123,4 m.kr. og gert er ráð fyrir um 10 stöðugildum. Annar rekstrarkostnaður nemur 21,4 m.kr. en þar af er leigukostnaður um 5 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir 3 m.kr. í stofnkostnað.

**Tafla 1: Fjárheimild 2021**

	<b>Launakostnaður</b>	<b>Annar rekstrar- kostnaður</b>	<b>Áætlun 2021</b>
Herbergjasambyli	45.516.556	3.999.836	<b>49.516.392</b>
Íbúðakjarni Ellidabraut	77.922.000	14.350.000	<b>92.272.000</b>
Stofnkostnaður		3.000.000	<b>3.000.000</b>
	<b>123.438.556</b>	<b>21.349.836</b>	<b>144.788.392</b>